

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Arnarvatnsheiði og Geitland.

Hreppsnefndir Reykholtaldalshrepps, kt. 530269-7799, og Hálsahrepps, kt. 590169-0999, hafa á sameiginlegum fundi hreppsnefndanna, sem haldinn var í Brún þann 2. apríl 1998 samþykkt að afhenda og leggja fram neðangreind eignarlönd Reykholtaldalshrepps og Hálsahrepps ásamt þeim réttindum sem þeim tilheyra til stofnunar sjálfseignarstofnunar um eignirnar og nýtingu þeirra með þeim takmörkunum sem leiða af núverandi kvöðum á eignunum, sbr. nánar 5. gr. í meðfylgjandi skipulagsskrá:

Reykholtaldalshreppur leggur fram 2/3 og Hálsahreppur leggur fram 1/3 eftirtalinnna eigna:

- a. Arnarvatnsheiði, Hvítársíðuhreppi, sbr. afsal dags. 18. apríl 1884 og kaupsamning, dags. 6. júlí 1901.
- b. Geitland, Hálsahreppi, sbr. afsal, dags. 27. maí 1926.

1. gr.

Nafn og heimilisfang.

Stofnunin heitir Sjálfseignarstofnunin Arnarvatnsheiði og Geitland. Heimili hennar og varnarþing er á skrifstofu þess sveitarfélags sem Geitland tilheyrir.

2. gr.

Eignir.

Eignir stofnunarinnar við stofnun hennar eru fasteignirnar:

- a. Arnarvatnsheiði, Hvítársíðuhreppi, sbr. afsal dags. 18. apríl 1884 og kaupsamning, dags. 6. júlí 1901.
- b. Geitland, Hálsahreppi, sbr. afsal, dags. 27. maí 1926 ásamt öllum gögnum og gæðum, sem löndum þessum fylgja og voru eign Reykholtaldalshrepps og Hálsahrepps þegar eignir voru afhentar stofnuninni.

3. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að tryggja að fasteignir hennar nýtist með sama hætti og verið hefur íbúum og búfjáreigendum innan Reykholtaldalshrepps og Hálsahrepps eða á því landsvæði sem er innan staðarmarka þessara sveitarfélaga 14. maí 1998 sameinist þau öðrum sveitarfélögum síðar.

4. gr.

Stofnfé.

Stofnfé er þær eignir (lönd ásamt tilheyrandi réttindum) sem hrepparnir leggja fram við stofnun sjálfseignarstofnunarinnar auk kr. 500.000 sem er höfuðstóll bankareiknings við Sparisjóð Mýrasýslu, sem sérstaklega var stofnaður í þessu skyni.

5. gr.

Nýting eigna stofnunarinnar.

Sjálfseignarstofnunin tekur við þeim löndum sem tilgreind eru í 2. gr. með þeirri kvöð að virða upprekstrarrétt lögbýlanna: Ásgarður, Berg, Birkihlíð, Björk, Breiðabólsstaður, Brekkukot, Brennistaðir, Brúsholt, Braut, Deildartunga, Deildartunga II, Furugrund, Geirs- hlíð, Giljahlíð, Gróf, Grímsstaðir, Hamrar, Hrísar, Hurðarbak, Hægindi, Hæll, Kjalvarar-

staðir, Kleppjárnsreykir, Klettur, Klöpp, Kópaleykir, Kópaleykir II, Kvistur, Laugavellir, Litli-Kroppur, Nes, Reitur, Reykholt, Runnar, Samtún, Skáney, Skógar, Skrúður, Snældubeinsstaðir, Sólbyrgi, Steðji, Steindórsstaðir, Stóri-Kroppur, Sturlu-Reykir, Sturlu-Reykir II, Varmaland, Vilmundarstaðir, Víðigerði, allra í Reykholtshreppi, og lögbýlanna: Arnarheiðarstaðir, Auðsstaðir, Augastaðir, Búrfell, Giljar, Hellubær, Hofsstaðir, Hraunsás, Húsafell II, Húsafell III, Hýrumelur, Kollslækur, Norður-Reykir, Rauðsgil, Refsstaðir, Sigmundarstaðir, Signýjarstaðir, Stóri-Ás, Uppsali, Úlfsstaðir allra í Hálsahreppi. Jafnframt skuldbindur sjálfseignarstofnunin sig til að veita þeim búfjáreigendum í Reykholtshreppi og Hálsahreppi, sem samkvæmt gildandi lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. á hverjum tíma eiga upprekstrarrétt á afrétt sveitarfélags eða upprekstrarfélags innan sveitarfélagsins, rétt til upprekstrar í lönd stofnunarinnar með sama hætti og verið hefði, ef löndin hefðu áfram verið eign sveitarfélaganna. Með upprekstrarrétti er hér átt við beitarafnot fyrir búfénað með þeim takmörkunum sem gilda um nýtingu og meðferð beitarlands samkvæmt ákvæðum laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og lög um landgræðslu nr. 17/1965.

Öðrum en þeim sem upprekstrarrétt eiga í löndin samkvæmt ofangreindu er bannað að nota þau til beitar eða annars nema leyfi stjórnar komi til. Þeim sem upprekstrarrétt eiga á afréttarlöndin, er óheimilt án leyfis stjórnar að framleigja eða selja þann rétt sinn.

Stofnunin skuldbindur sig til að haga beitarafnotum af landinu þannig að áfram verði um að ræða sjálfbær beitarafnot af landinu, þ.e. að beitarálag rýri ekki gæði beitarlandsins.

Í veiðifélögum, sem stofnuð eru um veiði í vötnum sem lönd sjálfseignarstofnunarinnar liggja að, skulu eftirtalin lögbýli fara með atkvæðisrétt í félögunum vegna þessara veiðiréttinda: Akur, Ásgarður, Berg, Birkihlíð, Björk, Breiðabólstaður, Breiðagerði, Brekkukot, Brennistaðir, Brennistaðir II, Brúsholt, Dalbær, Deildartunga, Deildartunga II, Garður, Geirshlíð, Gróf, Grímsstaðir, Hamrar, Hrísar, Hurðarbak, Hægindi, Hæll, Kjalvararstaðir, Kleppjárnsreykir, Klettur, Kópaleykir, Kópaleykir II, Laugavellir, Litli-Hvammur, Litli-Kroppur, Nes, Reykholt, Runnar, Samtún, Skáney, Skógar, Skrúður, Snældubeinsstaðir, Sólbyrgi, Steðji, Steindórsstaðir, Stóri-Kroppur, Sturlu-Reykir, Sturlu-Reykir II, Varmaland, Vilmundarstaðir, Víðigerði, öll í Reykholtshreppi, og lögbýlin: Arnarheiðarstaðir, Auðsstaðir, Augastaðir, Búrfell, Giljar, Hellubær, Hofsstaðir, Hraunsás, Húsafell II, Húsafell III, Hýrumelur, Kollslækur, Norður-Reykir, Rauðsgil, Refsstaðir, Sigmundarstaðir, Signýjarstaðir, Stóri-Ás, Uppsali, Úlfsstaðir, öll í Hálsahreppi. Þurfi að öðru leyti að taka ákvarðanir vegna veiðiréttinda í vötnum sem fylgja löndum sjálfseignarstofnunarinnar skulu þær teknar á fundi, þar sem fulltrúar framangreindra lögbýla eru boðaðir og fer hvert lögbýli með eitt atkvæði. Stjórn stofnunarinnar boðar til slíkra funda, en að öðru leyti fer um þá fundi og atkvæðisrétt á þeim eftir reglum um fundi í veiðifélögum samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Að því marki sem ákveðið kann að verða af hálfu landeigenda eða veiðifélaga um veiði í vötnum sem lönd sjálfseignarstofnunarinnar liggja að, að eigendur veiðiréttinda fái sjálfir að ráðstafa eða nýta veiðina skal þeirri veiði jafnað á milli sömu aðila og fara með atkvæðisrétt þann sem fylgir eignarhlutum sjálfseignarstofnunarinnar.

Arður vegna útleigu veiðifélaga á veiði skal renna til sjálfseignarstofnunarinnar. Fáir stofnunin ekki greiddan arð af veiðinni eða hann dugar ekki til að standa straum af fasteignagjöldum eða öðrum gjöldum og sköttum sem lögð verða á matsverð veiðihlunnindanna, skal þeim kostnaði jafnað niður á þá sem atkvæðisrétt hafa vegna þeirra veiðiréttinda sem fylgja eignarhluta stofnunarinnar.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar tekur að öðru leyti en að framan greinir ákvarðanir um nýtingu eigna stofnunarinnar.

6. gr.

Tekjur og gjöld - ráðstöfun tekna og stofnframlags.

Tekjur stofnunarinnar eru frjáls framlög stofnaðila og annarra aðila, vaxtatekjur og aðrar tekjur sem kunna að verða af rekstri og arður, sem eignir stofnunarinnar kunna að gefa af sér.

Tekjum stofnunarinnar og vöxtum af stofnframlagi má aðeins ráðstafa til greiðslu rekstrarkostnaðar sjálfseignarstofnunarinnar, þ.m.t. kaup og sala eigna, lán og styrkir.

Gjöld stofnunarinnar eru útgjöld og kostnaður við að sinna verkefnum skv. 3. gr., almennur rekstrarkostnaður stofnunarinnar, fasteignagjöld af eignum og önnur útgjöld, sem ekki greiðast úr sveitar- eða fjallskilasjóði skv. 5. mgr.

A hverjum tíma skulu vera bundnir fjármunir í stofnuninni sem að verðgildi á núverandi verðlagi skulu nema kr. 500.000 miðað við vísitölu neysluverðs þegar skipulagsskrá þessi er staðfest.

Meðan kvöð um nýtingu á landi stofnunarinnar til uppreksturs samkvæmt 1. mgr. 5. gr. stendur óhöggðuð skal sá aðili sem lögum samkvæmt er fengin stjórn og umsýsla fjallskila í sveitarfélagi þeirra sem upprekstrarréttinn eiga standa stráum af öllum kostnaði við nýtingu landsins sem upprekstrarlands og fjallskil þar, þ.m.t. byggingu, viðhaldi og rekstri gangnamannahúsa og girðinga, og þá einnig girðinga sem gerð er krafa um að reistar verði á landamerkjum við aðliggjandi lönd. Sami aðili skal einnig standa skil á þeim hluta fasteignagjalda og annarra gjalda og skatta sem stofnuninni kann að verða gert að greiða og lagðir eru á landverð.

7. gr.

Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og varamönnum þeirra og skulu eftirtaldir tilnefna einn stjórnarmann og einn varamann hver:

- a. Fjallskilasjóður Rauðsgilsréttar.
- b. Veiðifélag Arnarvatnsheiðar.
- c. Sveitarstjórnir Reykholtaldalshrepps og Hálsahrepps sameiginlega eða af sveitarstjórn í því sveitarfélagi sem hrepparnir kunna að sameinast.

Stjórnarmenn skulu tilnefndir til þriggja ára í senn og skulu þeir vera búsettir innan marka Reykholtaldal- og Hálsahreppa eins og þau mörk eru 14. maí 1998.

Fulltrúi Veiðifélags Arnarvatnsheiðar skal kjörinn á fundi þeirra sem fara með atkvæðisrétt samkvæmt 4. mgr. 5. gr. Verði Fjallskilasjóður Rauðsgilsréttar lagður niður eða sameinaður öðru stærra upprekstrarráði skal fulltrúi Fjallskilasjóðs Rauðsgilsréttar einnig valinn á fundi þeirra sem fara með atkvæðisrétt skv. 4. mgr. 5. gr.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar.

Stjórnin skal vinna að markmiðum stofnunarinnar og skal gæta þess eftir fremsta megni að kostnaður við starfsemina sé í samræmi við rekstraráætlanir.

Stjórnarfundi skal halda a.m.k. ársfjórðungslega. Formaður stjórnar boðar til funda. Stjórnarfundir skulu skráðir í gerðabók.

Stjórn er heimilt að ráða starfsmenn til að sinna umsjón með eignum og rekstri stofnunarinnar.

Ekki er heimilt að veðsetja eignir stofnunarinnar til tryggingar lánnum eða öðrum skuldbindingum nema með fullu samþykki stjórnar og dómsmálaráðuneytisins, sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988.

Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

8. gr.

Reikningar - endurskoðun - ársskýrslur - rekstraráætlanir.

Starfsár og reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

Ársreikningur stofnunarinnar skal endurskoðaður af endurskoðanda þess sveitarfélags sem stofnunin á heimilisfang í skv. 1. gr. og reikningurinn ásamt skýrslu um starfsemi undangengins almanaksárs skal birt með ársreikningi sveitarfélagsins. Ársreikningar skulu áritaðir af endurskoðanda og stjórn. Ársreikningur skal sendur Ríkisendurskoðun ásamt skýrslu stjórnar.

Rekstraráætlun fyrir næsta reikningsár skal stjórnin gera fyrir 1. desember yfirstandandi reikningsárs.

9. gr.

Breytingar á stofnsamþykktum og slit stofnunarinnar.

Verði verulegar breytingar á grundvelli stofnunarinnar m.a. vegna breytinga á notkun upprekstrarréttar á landi sjálfseignarstofnunarinnar eða tekjumöguleikum af eignum hennar, er heimilt að breyta samþykktum þessum eða leggja stofnunina niður. Gildi slíkra ákvarðana er háð samþykki allra stjórnarmanna og samþykki sveitarstjórnar/sveitarstjórna þess sveitarfélags/þeirra sveitarfélaga sem landssvæði innan staðarmarka núverandi Reykholtsdals- og Hálsahreppa verða þegar samþykkt er að leggja stofnunina niður.

Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skulu eignir hennar afhentar sveitarfélaginu/sveitarfélögunum, sbr. lok síðustu málsgreinar, til varðveislu og/eða ráðstöfunar þannig að sem best falli að markmiðum stofnunarinnar samkvæmt 3. gr., og í samræmi við eignarhlutföll milli sveitarfélaganna þegar stofnað var til sjálfseignarstofnunarinnar, þ.e. Reykholtshreppur 2/3 og Hálsahreppur 1/3.

10. gr.

Staðfesting dómsmálaráðherra.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda sem og allar breytingar á henni.

11. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. skal við fyrsta stjórnarkjör tilnefna fulltrúa Fjallskilasjóðs Rauðsgilsréttar til eins árs, fulltrúa Veiðifélags Arnarvatnsheiðar til tveggja ára og fulltrúa sveitarstjórnar til þriggja ára og þrjá varamenn eftir sömu reglu og síðan skal kjósa stjórnarmann og varamann í stað þess sem árlega gengur úr stjórn.

Þar sem sveitarstjórnir hreppanna hafa ákveðið að höfða mál til viðurkenningar á beinum eignarrétti þeirra yfir Geitlandi og munu viðkomandi sveitarstjórnir bera allan kostnað af þeim málaferlum.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. júní 1998.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Fanney Óskarsdóttir.